

# VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



## Sjálfsmatsskýrsla

2022–2023



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
1. Inngangur .....	5
2. Innra mat 2022-2023.....	6
2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók .....	7
2.2 Gæðahandbók fjarnáms .....	7
2.3 Nemendakönnun.....	7
2.4 Kannanir vegna þróunarverkefnis .....	9
2.4.1 Samvinna - Sjálfræði.....	9
2.5 Starfsmannakönnun .....	10
2.6 Grunnþættir menntunar – nemendur.....	14
2.7 „Lífið eftir Verzló.....	14
2.8 Skólapúlsinn.....	15
2.9 Stefnur og áætlanir.....	16
2.10 Verkferlar.....	16
2.11 Skólaþróun - Endurmenntun .....	16
Verkefni Mannauðsteymis .....	16
3. Umbótaáætlun .....	18
4. Skólaárið 2023-2024.....	19
5. 5. Fylgiskjöl .....	20
5.1 Fylgiskjal I – Teymi skólans 2022-2023.....	20
5.2 Fylgiskjal II Verkefnaáætlun (2022-2023).....	21
5.3 Fylgiskjal III – Spurningar í kennslukönnun dagskóla haust 2022.....	22
5.4 Fylgiskjal IV – Nemendakönnun Niðurstöður vor 2022.....	25
5.5 Fylgiskjal V - Nemendakönnun – Skólinn í heild – samanburður .....	29
5.6 Fylgiskjal VI – Könnun meðal fyrsta árs nema: Viðhorf til þróunarverkefnisins.....	33
5.7 Fylgiskjal VII – Þróunarverkefni – viðhorf kennara.....	38
5.8 Fylgiskjal VIII Þróunarverkefni – samanburður.....	44
5.9 Fylgiskjal IX – Niðurstöður starfsmannakönnunar .....	47
5.10 Fylgiskjal X: Grunnþættir menntunar – niðurstöður (nemendur).....	63
5.11 Fylgiskjal XI: - Grunnþættir menntunar – nemendur: Hlutfall eftir fjölda brauta .....	70
5.12 Fylgiskjal XII: Skólapúlsinn - Niðurstöður .....	72
5.13 Fylgiskjal XIII – Lífið eftir Versló – Könnun meðal útskriftarárgangs 2021, 2022, 2023 .....	74
5.14 Fylgiskjal XIV – Verkáætlun næsta árs.....	76
5.15 Fylgiskjal XV – Umbótaáætlun úr Bravo Lesson .....	77



## 1. Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2022-2023. Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að bjóða upp á framúrskarandi náms- og kennsluáðstæður ásamt bestu mögulegu kennslu vel menntaðra kennara. Þess vegna er mikilvægt að vera sífellt að skoða námið og kennsluna, huga að hvað sé hægt að bæta og stefna að því að gera enn betur í dag en í gær. Gæðateymi skólans hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innan- og utanhúss, vinnur úr niðurstöðum og kemur með hugmyndir til úrbóta.

Í skýrslunni er samantekt yfir helstu þætti sem unnið var að í skólastarfinu á liðnu ári, bæði hvað varðar umbótastarf svo og almenna skólaþróun. Þá er einnig fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2023-24.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2022) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli. Vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar samtímis, fyrsti árgangurinn í 3. ára námi og sá síðasti í 4. ára námsleiðinni.

Innritaðir nýnemar haustið 2022 voru 367 í 14 bekkjardeildum. Einn bekkur á alþjóðabraut, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, sex bekkir á viðskiptabraut og sex bekkir á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda haustið 2022 á 2. ári voru 359 og á 3. ári voru þeir 336. Samtals voru 1041 nemandi í dagskólanum í upphafi annar haustið 2022, 678 stúlkur og 381 drengir samkvæmt skráningu í Innu. Ekki voru önnur kyn skilgreind þetta skólaár.

Kennarar dagskólans haustið 2022 voru samtals 82 í tæplega 76,5 stöðugildum. Kynjaskipting meðal kennara var að 68% voru konur og 32% karlmenn. Ekki voru önnur kyn skráð í starfsmannafloornu. Nær allir fastráðnir kennarar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar eða stunda réttindanáms samhliða kennslu. Aðrir starfsmenn voru alls 37. Í yfirstjórn skólans voru fjórir, þrjú starfsmenn á skrifstofu, þrjú á bókasafni, þrjú náms- og starfsráðgjafar, einn sálfræðingur og sjö sem sinna kerfisstjórn, umsjón fasteignar og dagræstingum. Skólinn rekur sitt eigið mötuneyti fyrir starfsmenn og nemendur og var fjöldi starfsmanna þar fimm.

Nánar um starfsemi skólans er vísað í ársskýrslu hans 2022.

<https://www.verslo.is/media/skyrslur/Arsskyrsla-2022.pdf>

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur öðrum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2022 var 92,53, á haustönn 2022 voru þeir 48,08 og tæplega 52,58 á vorönn 2023. Mæting nemenda í próf var að meðaltali 72,30%.

Fagnám verslunar og þjónustu fer að miklu leyti fram í gegnum fjarnám. Ekki var boðið upp á áfanga fyrir nemendur í þessu námi á sumarönn 2022. Á haustönn voru hins vegar 44 nemendur samtals við fagnám. Fagnámsnemendur haustannar luku við 70,60% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Á vorönn 2023 voru 27 nemendur við fagnám á önninni eða 4,57 ársnemendur. 2,15 ársnemendur luku áföngum og luku þeir við 47,08% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Að öðru leyti er vísað í ársskýrslu fjarnáms 2022-2023. <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

## 2. Innra mat 2022-2023

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2022-2023 sátu sjö starfsmenn, Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri, Þorkell H. Diego aðstoðarskólastjóri, Sigurlaug Kristmannsdóttir kennslustjóri fjarnáms, Magnea Ragna Ögmundsdóttir skrifstofustjóri, Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, kennari, Vala Guðný Guðnadóttir kennari, Ingibjörg S. Helgadóttir gæðastjóri og kennari sem stýrir vinnu teymisins. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 15 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í Office 365, og í gegnum tölvupósta.

Sú nýjung var gerð á skipulagi gæðamála haustið 2019 að stofnuð voru þrjú teymi starfsmanna sem hafa ákveðin verkefni á sínum höndum. Eru það kennslu-, viðbragðs- og mannauðsteymi. Á **fylgiskjali I** má sjá hlutverk og skipan hvers teymis auk gæðateymis. Árlega hafa orðið smávægilegar breytingar á teymunum og svo var einnig þetta ár.

Gæðateymið ákvað að prófa samstarf við fyrirtækið *Bravo Lesson* árið 2021 sem sérhæfir sig í að halda utan um gæðastarf skóla í rafrænu formi. Fyrirtækið er sænskt að uppruna og er í samstarfi við breska aðila og íslenska. Þó nokkrir íslenskir grunnskólar nota þetta kerfi sem byrjaði héraðis í maí 2020. Verzlunarskólinn er fyrsti framhaldsskólinn sem skráður er notandi og er því frumkvöðlaskóli á þessu sviði. Nú þegar er umbótaáætlun skólans komin inn í Bravo Lesson. Þess má geta að skipulag gæðamála skólans hefur vakið athygli ýmissa utanaðkomandi aðila og hafa meðlimir gæðateymisins farið og kynnt uppbyggingu þess. Ingibjörg og Halldóra fóru síðastliðið vor og kynntu það fyrir gæðateymi Menntaskólans Ásbrú í Reykjanesbæ og Ingibjörg og Guðrún Inga kynntu starfið fyrir hluta skólastjórnenda grunnskóla í Reykjavík í maí.

Í **fylgiskjali II** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann fyrir skólaárið 2022-2023. Reynsla undanfarin ár hefur sýnt að þótt gæðateymið sé með langtímaáætlun og svo verkáætlun hvers skólaárs þá sé yfirleitt eitthvað sem ekki kemst á dagskrá, oftast vegna utanaðkomandi áhrifa. Þá koma oft upp umræður eða atvik sem gefa tilefni til að framkvæma könnun eða grípa inn í fyrirframgerða áætlun og breyta. Það átti einnig við þetta ár.

Þrá þætti náðist ekki að framkvæma á síðasta skólaári, aðallega vegna breyttra áherslna í skólastarfinu eða ákveðið var að bíða aðeins með verkefnið. Þau verkefni eru lituð með gulum lit í fylgiskjalinu.

- *Reglur varðandi tölvupóst.* Þessar reglur er tilbúnar en skólastjórnendur vilja aðeins bíða átekta með að birta þær.

- *Skilvirkni*. Fyrirhugað var að meistaraþrófsnemi í kennslufræði myndi fjalla um árangur nemenda útskrifaðra úr VÍ. Sá hefur ekki náð að ljúka námi svo ákveðið er að taka þennan lið út og láta nægja könnun sem gerð var fyrir ári „Staðan efir Verzló“ og framkvæma aftur þá könnun að ári með nemendum útskrifuðum 2021-2023.
- *Skólabragur*. Þar sem verið er að endurskoða námsbrautir skólans og fjallað verður um skólabrag í þeirri vinnu, mun það koma inn í næsta árs verkefnaáætlun.

Þessi þrjú verkefni bíða því til næsta skólaárs en eftirfarandi er umfjöllun um verkefni sem voru á dagskrá gæðateymis og niðurstöður kannana sem framkvæmdar voru á skólaárinu.

## 2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Haustið 2022 var skólanámskráin yfirfarin að venju skv. gátlista fyrir mat á skólanámskrá úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016). Undanfarin ár hefur verið farið yfir gátlistann og hefur skólanámskráin uppfyllt öll þau atriði sem gátlistinn tiltekur. Ekki þykir ástæða til að uppfæra gátlista á hverju ári þar sem lítil breyting hefur orðið á námskránni. Ákveðið hefur verið að uppfæra ekki skólanámskrána nema þegar einhverjar breytingar eru gerðar.

Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var uppfærð haustið 2021 en hún er uppfærð annað hvert ár. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna og á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í [skólanámskrána](#) frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans. Hún er staðsett í TEAMS undir Verkfærakistunni sem er sameiginlegt svæði allra starfsmanna skólans.

## 2.2 Gæðahandbók fjarnáms

Skólaárið 2021-2022 fór fram rýni í fjarnám skólans undir heitinu *Fjarkennsla til framtíðar*. Nánar má lesa um þetta starf í [Sjálfsmatsskýrslu 2022](#), á bls. 9. Til stóð á síðasta kennsluári að gera gæðastaðal fjarnáms á því ári, sem ekki vannst tími til. Strax í byrjun skólaársins 2022-2023 fór gæðateymið af stað í þeirri vinnu með kennslustjóra fjarnáms, Sigurlaugu Kristmannsdóttur, í fararbroddi. Fengu allir sem koma að fjarnáminu, skólastjórnendur, gæðateymið og kennarar fjarnámsins tækifæri til að lesa yfir og koma með athugasemdir. Leit þá dagsins ljós í september 2022 *Gæðahandbók fjarkennslu Verzlunarskóla Íslands* sem kynnt var á starfsmannafundi og vistað á heimasíðu skólans og er [hér](#) tengill í hana. Einkunnarorð fjarkennslunnar og gæðahandbókarinnar eru: Skipulag – Samskipti – Sköpun og vísa í þá þætti sem skólinn telur hvað mikilvægasta í góðri fjarkennslu.

## 2.3 Nemendakönnun

Hin árlega nemendakönnun fór fram um mánaðamót október og nóvember. Könnuninni var eins og áður skipt niður í almennar spurningar sem allir nemendur svöruðu og svo spurningar um einstaka áfanga (**fylgiskjal III**) sem nemendur sátu á haustönn. Svörun var örlítið minni en oft áður eða um 70% nemenda svöruðu í báðum þáttum könnunarinnar.

Niðurstöður könnunarinnar er að sjá í **fylgiskjali IV**.

### Almennar spurningar

Að þessu sinni var unnið úr almennu spurningunum þannig að samanburður eftir árgöngum kom fram og er varla hægt að tala um merkjanlegan mun eftir árgöngum. Oft eru það 10-15% allra árangra sem eru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunum sem við teljum ekki vera óeðlilegt. Í almenna hlutanum eru ýmsar spurningar varðandi brautarval, líðan í bekknum og náminu og annað sem gæðateyminu finnst áhugavert að sjá. Segja má að almennu spurningarnar hafi oftast komið ágætlega út en alltaf eru því miður einhverjir sem ekki eru sáttir í bekkjunum sínum eða skólanum.

Ákveðið var að setja inn tvær spurningar varðandi félagslífið og virðist rúmum 30% nemenda finnst félagslífið ekki vera fyrir alla nemendur skólans sem ekki er gott. Enn fleirum finnst ekki að allir nemendur skólans hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í nefndum eða skipulagningu félagslífsins eða yfir 50% í öllum þremur árgöngum. Er þetta umhugsunarefni og tækifæri til umbóta hér með hjálp stjórn nemendafélagsins.

### Viðhorf til áfanga

Undanfarin ár hafa spurningarnar varðandi áfanga nemenda verið flokkaðir í fjóra undirflokkar: Sýn nemenda á eigið framlag, Sýn nemenda á áfanga, Sýn nemenda á framlag kennara og Gagnkvæm mál. Hefur þessi flokkun þótt gefast ágætlega. Niðurstöður eru mjög svipaðar þeim sem hafa verið síðustu ár. Þegar við skoðum skólann í heild þá eru allir þættir fyrir ofan 80% (þ.e. í svörum A+B – mjög sammála eða frekar sammála) sem er viðmið gæðateymisins um ásættanlegar niðurstöður. Einn þáttur var þó undir viðmiðinu, eða spurning númer 7 sem hljóðar svo: „Mér finnst viðfangsefni áfangans áhugaverð“ – niðurstaðan í heild fyrir alla áfanga er 73% sem við í gæðateyminu teljum þó ekki vera slæmt heldur frekar eðlilegt að nemendum finnst ekki öll viðfangsefni sem þau fá hér í skólanum jafn áhugaverð. Hefur þessi spurning alltaf verið aðeins undir viðmiðinu.

Spurning 15 „Samskipti mín við kennarann eru góð“ kemur sérlega vel út eða 93% nemenda eru mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. Í **fylgiskjali V** sést samanburður þriggja síðustu kannana sem sýnir að ekki er merkjanlegur munur á niðurstöðum þessara kannana.

Við úrvinnslu niðurstaðna nemendakönnunarinnar hefur síðustu árin þróast ákveðið ferli sem við teljum að hafi gefist vel og er eftirfarandi.

### Eftirfylgni vegna nemendakannanna

1. Gæðateymi skoðar og ræðir, kemur með samantekt úr heildarniðurstöðum og umbótaáætlun.
2. Fagstjórar fá niðurstöður fyrir sín fög og ræða á fagfundum.
3. Skólastjórnendur ræða einstaka áfanga við kennara þeirra í starfsmannaviðtölum, bæði það sem gott er og það sem bætur mætti fara.
4. Skólastjórnendur ræða við fagstjóra um hvað betur mætti fara í áföngunum.



## 2.4 Kannanir vegna þróunarverkefnis

Veturinn 2021-2022 starfaði hópur kennara að undirbúningi þróunarverkefna fyrir alla árganga. Nánar er sagt frá þessari vinnu í [sjálfsmatsskýrslunni 2021](#) bls. 13 og í skýrslu þróunarstjóra.

### 2.4.1 Samvinna - Sjálfræði

Allur fyrsti árgangurinn vann saman að verkefninu *Samvinna – Sjálfræði* þar sem ákveðið var að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Eftir að nemendur höfðu lokið 2ja vikna vinnu sinni í 4-5 manna hópum í hverjum bekk skiluðu þeir afurðinni og kennarar hvers bekkjar unnu svo saman að mati á hverju verkefni. Áður en nemendur fengu mat á vinnu sína var send út könnun til allra fyrsta árs nemenda þar sem þeir voru beðnir um að svara nokkrum spurningum um verkefnið. Könnunin var gerð í FORMS og var hlekkur í hana sendur á skólanetföng nemenda.

Verður hér gerð grein fyrir viðhorfi nemenda fyrst, síðan kennara og loks um samanburð á milli svara þeirra spurninga sem bæði voru lagðar fyrir nemendur og kennara.

#### *Viðhorf nemenda*

Af 380 nemendum sem fengu beiðni um þátttöku svöruðu 162 eða um 43%. Meirihluti þátttakenda voru stúlkur og komu flestir af náttúrufræði- eða viðskiptabraut sem eru fjölmennustu brautir skólans. 83% nemenda fannst samvinnan í teymi sínu ganga mjög eða frekar vel. 63% fannst mjög eða frekar gaman að vinna þróunarverkefnið. 46% fannst verkefnið mjög eða frekar áhugavert. 82% fannst verkefnið mjög eða frekar krefjandi. 92% fannst þeir leggja mjög mikið eða frekar mikið að mörkum. 66% fannst þeir hafi lært mjög eða frekar mikið af verkefninu. Og sambærilegt eða 68% fannst þeir hafi lært mjög eða frekar mikið um Sameinuðu þjóðirnar. 65% líkar mjög vel eða frekar vel að vinna í teymi þar sem reynir á sjálfræði nemenda. Og 55% nemenda segjast eiga mjög eða frekar auðvelt með að vinna verkefni sem reynir á sjálfræði þeirra. Þeim finnst það sem sagt erfiðara en líkar það vel. 56% nemenda fannst mjög eða frekar auðvelt að flétta öllum fögunum inn í verkefnið. 61% nemenda fannst tímalengd verkefnisins (2 vikur) hæfilega langur tími, 14% of stuttur og 25% of langur tími. Mjög sambærilegt er hvað þeim fannst um þann fjölda kennslustunda sem fór í að vinna verkefnið. 69% vill mæla með að þetta verkefni eða sambærilegt verði gert aftur næsta haust.

Í opnu spurningunum komu svipuð atriði upp, bæði þar sem nemendur áttu að meta kosti verkefnisins og galla þess. Það sem sumum fannst vera kostur fannst öðrum vera galli. Til dæmis fannst mörgum gaman að vinna í hópum með samnemendum á meðan öðrum fannst það mjög erfitt eða leiðinlegt. Í **fylgiskjali VI** má sjá niðurstöður könnunarinnar og einnig er bent á heimasíðu skólans í skýrslu þróunarstjóra.

### Viðhorf kennara

33 kennarar tóku þátt í þróunarverkefninu og svöruðu 23 eða tæplega 70%. Könnunin var send á Versló netföng kennara og eingöngu til þeirra kennara sem tóku þátt í verkefninu. 87% fannst skipulagning verkefnisins vera mjög eða frekar góð og engum mjög slæm. 68% fannst upplýsingaflæðið vera mjög gott eða frekar gott en 34% fannst það vera í meðallagi gott eða frekar slæmt. Það má þó koma fram að hugmyndin var að allar upplýsingar sem þörf var á áttu að vera í bæklingi sem sendur var öllum kennurum og nemendum þannig að álitid var að ekki væri þörf á einhverri upplýsingaveitu á meðan á vinnunni stóð. Af niðurstöðum er ekki annað að sjá en að kennarar hafi verið frekar ánægðir með þessa vinnu og flestir telja ástæðu til að halda henni áfram eða 83%. 69% kvaðst vera ánægður eða frekar ánægður sem kennari með verkefnið og 82% fannst mjög skemmtilegt eða frekar skemmtilegt að taka þátt. Ákveðið hefur verið að leggja sambærilegt verkefni fyrir næsta ár með reynslu þessa verkefnis í farteskinu. Kennarar voru spurðir að því hvenær þeir teldu heppilegast að leggja verkefnið fyrir og fannst 43% tíminn rétt fyrir haustfrí heppilegastur og 35% í lok annar.

Í **fylgiskjali VII** er hægt að sjá niðurstöður frá kennurum og í **fylgiskjali VIII** er samanburður á þeim spurningum sem bæði voru spurðar hjá nemendum og kennurum. Í samanburðinum kemur í ljós að munur á viðhorfi kennara og nemenda er ekki ýkja mikill í meiri hluta svaranna. Er munurinn mestur í spurningunni hvort þátttakendum finnist mikilvægt að leggja verkefni fyrir nemendur sem reyna á sjálfræði þeirra. 100% kennara fannst svo vera en 65% nemenda, sem þó er meiri hluti þeirra. Þá fannst fleiri kennurum, 57% á móti 25% nemenda, tímalengd verkefnis vera of mikil.

## 2.5 Starfsmannakönnun

Dagana 20. til 26. janúar fór fram könnun meðal starfsmanna Verzlunarskólans. 120 starfsmönnum var sendur póstur með hlekk í könnunina sem var gerð í Forms. Könnunin var unnin úr nokkrum eldri könnunum og aðlöguð að aðstæðum í okkar skóla. Undanfarin ár hafa sambærilegar starfsmannakannanir verið gerðar á u.þ.b. þriggja ára fresti og hefur verið misjafnt hverjir hafa séð um fyrirlögnina. Oftar en ekki hafa það verið utanaðkomandi aðilar sem hafa framkvæmt könnunina í samstarfi við stjórnendur skólans og gæðateymið. Að þessu sinni var ákveðið að hanna okkar eigin könnun sem við gætum haft svipaða næstu árin og getað þá borið saman niðurstöður á milli ára. Þegar utanaðkomandi aðilar gera kannanirnar eru þær mismunandi og mismunandi mælikvarðar notaðar svo erfitt hefur verið að bera saman. Sumar kannanir hafa líka hentað frekar illa í skólaumhverfi að okkar mati.

Könnunin innihélt 50 fjölvalsspurningar þar sem starfsmenn voru beðnir um að svara hversu sammála eða ósammála þeir væru ákveðnum fullyrðingum. Einnig voru tvær opnar spurningar þar sem fólk gat komið með ábendingar um hvað væri sérsaklega gott við skólann sem vinnustað og hvað mætti betur fara. 80 starfsmenn svöruðu könnuninni eða um 67%. Þá má gera ráð fyrir að starfsmenn sem voru í leyfi væru ekki að skoða póstin sinn og hafi því tæplega tekið þátt í könnuninni og einnig eru nokkrir erlendir starfsmenn sem ekki hafa vald á íslensku. Könnunin skiptist í nokkra þætti: Starfsumhverfið, líðan, samskipti við stjórnendur, samskipti við nemendur/forráðamenn, samskipti meðal samstarfsmanna og áreitni á vinnustað. Einungis voru tvær spurningar varðandi bakgrunn starfsmanna, önnur um hversu lengi starfsmaður hafi unnið við skólann og hin hvort hann starfi við kennslu eða annað. Varð það meðvituð ákvörðun tekin af gæðateyminu svo erfitt væri að finna út hverju einhver ákveðinn einstaklingur svaraði. Enda starfsmönnum tjáð að ekki væri hægt að rekja svör til einstaka starfsmanns.

Hér verður fjallað í stuttu máli um niðurstöður könnunarinnar en þær eru sem **fylgiskjal IX**. Af þessum 80 þátttakendum hafa 29 starfað hér 0-5 ár, 11 hafa verið 6-10 ár og 40 aðilar 11 ár eða lengur. Má skilja það svo að fólki hlýtur að líka vinnustaðurinn vel. 64 þátttakendur starfa við kennslu en 16 við önnur störf. Sem dæmi um önnur störf má nefna dagræstingar, eldhús, húsverði, tölvufólk, starfsmenn bókasafns og skrifstofu.

### *Starfsumhverfið*

Það er óhætt að fullyrða að starfsmenn eru ánægðir í starfi þar sem allir voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. 10 einstaklingar eru ekkert sérstaklega ánægðir með vinnuaðstöðu sína og 20 finnst kröfur vinnunnar stangast á við kröfur einkalífsins. Nokkrum finnst álit þeirra og skoðanir ekki vera virtar og sjö eru ekki sérsaklega ánægðir með að skólinn byrji kl. 8.30, en þetta er annað árið sem svo er. 86% starfsmanna finnst þeir ekki hafi mikla möguleika á starfsframa í skólanum, enda skólastofnanir sérstakar að því leytnu til að lítið er um millistjórnendur og skólastjóri og aðstoðarskólastjóri nánast einu yfirmenn allra.

### *Líðan*

Enginn starfsmaður er mjög sammála þeirri fullyrðingu að hann finni fyrir miklu álagi í upphafi vinnudagsins eða í vinnunni en nokkrir eru frekar sammála eða merkja við hvorki né. Gæðateymið velti þeirri spurningu fyrir sér hvort það væri eitthvert starf þar sem fólk fyndi aldrei eða alls ekki fyrir álagi. Teljum við því þetta ekki vera áhyggjuefni að sinni. Hins vegar eru 37 starfsmenn sem eru frekar sammála því að þeir finni fyrir streitu í starfinu og hefur verið ákveðið að koma með einhverja umræðu um streitu í vinnu og góðan fyrirlestur um slíkt. Nokkrir hafa áhyggjur af starfsöryggi sínu og eru það hugsanlega starfsmenn sem ekki enn eru fastráðnir. Fjórum starfsmönnum finnst þeim ekki líða vel í sameiginlegum rýmum og er það umhugsunarefni af hverju það skyldi vera og hvort hægt sé að laga það eitthvað. Hins vegar má líka hugsa það að fólk kjósi að vera í rólegheitum annars staðar en í sameiginlegum rýmum þar sem oft er mikið spjallað og stundum hávaði. 76% er sammála eða frekar sammála því að starf þeirra sé líkamlega létt. Störf innan skólans eru mjög mismunandi og auðvelt að sjá í hendi sinni nokkur störf sem alls ekki eru líkamlega létt.

### *Samskipti við stjórnendur*

Óhætt er að fullyrða að starfsfólk skólans er afar sátt við stjórnendur hans. 95% líkar vel við stjórnunarhætti stjórnenda hans, 99% finnst stjórnendur sýna sér skilning, 95% er ánægður með upplýsingastreymi og 99% er mjög sammála eða frekar sammála því að þeir beri traust til stjórnenda skólans.

### *Samskipti við nemendur/forráðamenn*

7% finnst ekki að nemendur komi fram við þá af nógu mikilli virðingu en öllum starfsmönnum finnst að þeir komi fram við nemendur af virðingu. 88% starfsmanna telja að þeir hafi oftast eða alltaf átt í góðum samskiptum við foreldra og forráðamenn nemenda. 12% svara þessari fullyrðingu sem hvorki né og má jafnvel gera ráð fyrir að þeir starfsmenn hafi kannski lítil eða engin samskipti við foreldra/forráðamenn. Sum störf innan skólans kalla ekki á samskipti við forráðamenn.

### *Samskipti meðal samstarfsmanna*

95% finnst vera góður starfsandi á vinnustaðnum en 14% finnst ekki sérsaklega góður starfsandi innan sinna deilda eða starfssviðs. Er það nokkuð sem við munum setja að markmiði að bæta. 78% tekur nokkurn þátt í félagslífi starfsmanna en 5% lítið sem ekkert. Að sama skapi eru 29% sem finnst félagslíf vinnunnar skipta sig litlu sem engu máli. 48% finnst einhver eða mikil rígur vera á milli deilda og er það nokkuð sem þarf sannarlega að bæta. Þá eru það 38% sem finnst starf sitt vera andlega létt og hinum þá erfiðara. Enda mörg umhugsunarefni og verkefni hjá starfsmönnum í svo stórum skóla sem okkar. Almennt líður öllum starfsmönnum þó vel í vinnunni.

### *Áreitni á vinnustað*

Eitthvað er um að starfsfólk hafi upplifað einhvers konar áreitni í vinnunni, orðið fyrir hótunum, kynferðislegri áreitni eða einelti. Þrír teljast hafa orðið fyrir hótunum annars vegar frá nemendum og hins vegar frá samstarfsmanneskju. Tveir hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni líka bæði frá nemanda og samstarfsmanneskju. Hér misfórst að hafa með hvenær þessi áreitni fór fram svo það er ekki vitað og kannski langt um liðið síðan þessar hótanir og áreitni voru. Sjö segjast hafa orðið fyrir einelti í vinnunni, fimm af samstarfsmanneskju og tveir af nemanda og 14 hafa orðið vitni að einelti. Þrjú mál eru hálfis árs eða yngri en önnur eru eldri. Á starfsmannafundi þegar niðurstöður könnunarinnar voru kynntar benti gæðastjóri starfsmönnum á samstarf skólans við Vinnuvernd sem gæti verið innan handar ef starfsmenn óskuðu eftir því.

### *Opnar spurningar*

Tvær opnar spurningar voru settar inn í könnunina eins og áður hefur komið fram. Var starfsmönnum annars vegar gefinn kostur á að koma með jákvæðar athugasemdir um skólann sem vinnustað og hins vegar koma með það sem þeim finnst að betur megi fara.

Ekki voru margir sem komu með athugasemdir, eða 27 með jákvæðar og 23 með neikvæðar og fimm af þeim sögðust ekki hafa neinar athugasemdir svo í raun voru það bara 18 einstaklingar sem bentu á eitthvað. Sumt er þess eðlis að hægt er að kippa því í liðinn fljótt og örugglega, en annað þarfnast meiri vinnu og fer á umbótaáætlun. Svörin voru flokkuð eftir eðli þeirra í fjóra flokka í hvoru svari. Í jákvæðu athugasemdunum urðu flokkarnir samskipti – stjórnun – starfið og vinnuaðstaða. Í athugasemdunum um það sem betur mætti fara urðu flokkarnir skólabragur – stjórnun – starfið og vinnuaðstaða. Aftast í **fylgiskjali IX** má sjá helstu svörin flokkuð í ofangreinda þætti.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru kynntar starfsmönnum á starfsmannafundi 2. febrúar og var það gæðastjóri sem gerði það. Þá voru allar niðurstöður settar í Verkfærakistuna í TEAMS og starfsmönnum sagt frá því. Gæðateymið kom saman og ræddi þær niðurstöður sem þótti ástæða til að skoða og er það eftirfarandi og viðbrögð við þeim.

<u>Streita</u>	Fá Vinnuvernd til að vera með fyrirlestur í miðvikudagstíma á önninni. Var það gert í lok mars 2023.
<u>Starfsandi innan deilda</u>	Ræða á fagstjórafundum og biðja fagstjóra að vera vakandi yfir að fólk tali saman á jafnréttisgrundvelli og einnig reyna að stuðla að því að fólk geri eitthvað saman í deildunum, fari út að borða eða eitthvað slíkt. Hafa fræðslu í haust um mikilvægi góðs samstarfs og samstöðu á vinnustað. Hefur sú fræðsla verið pöntuð hjá Vinnuvernd og verður í september.
<u>Rígur milli deilda</u>	Reiknað er með að rígur á milli deilda sé tilkominn vegna umræðna um mismunandi vinnuálag þegar um símatsáfangar eða lokaprófsáfangar sé að ræða. Hafin er vinna við endurskoðun námskrár og áfangar þar með og vonast er til að þetta leysist að einhverju leyti með þeirri vinnu. Einnig var rædd sú hugmynd sem nýlega kom upp hvort draga ætti um það hvaða áfangar séu með lokaprófi eða ekki eins og gert er t.d. með stúdentsprófin í Danmörku. Þá þyrftu kennarar alltaf að vera viðbúnir því að vinnueinkunn gildi sem lokaeinkunn og einnig því að lokapróf verði í áfanganum.
<u>Símat vs. Lokapróf</u>	Sjá hér að ofan.
<u>Viðbrögð við svindli</u>	Skólareglur eru í endurskoðun og þarf að skoða hvað eru skólareglur og hvað ætti að vera verklagsreglur. Gæðateymið gerði verklagsreglur VKL-18 Misferli við námsmat sem teknar voru í gildi í maí 2023.
<u>Deildarfundir - fundargerðir</u>	Ræða við fagstjóra að skrifa fundargerðir og setja í Verkfærakistu.
<u>Mötuneyti - álegg</u>	Athuga hvort ekki sé hægt að hafa álegg með brauðinu þegar súpa er sem ekki er kjöt- eða fiskisúpa.

Í næstu starfsmannakönnun verður athugað hvort þessi atriði hafi minnkað eitthvað. Ákveðið var að hafa næstu könnun vorið 2025 og hafa hana eftirleiðis á tveggja ára fresti í stað þriggja. Margar spurningar voru þær sömu og haustið 2017 og voru þær einnig bornar saman á fundi í gæðateymi. Reyndist ekki mikill munur á svörum þessara tveggja kannananna.

## 2.6 Grunnþættir menntunar – nemendur

Í byrjun mars var lögð fyrir könnun fyrir þriðja árs nema þar sem þeir voru beðnir um að svara nokkrum spurningum í Forms um hvernig þeir teldu að þeir hafi unnið með mismunandi grunnþætti menntunar á skólagöngu sinni í Verzlunarskólanum. Í fyrstu var fyrirhugað að leggja sömu könnun og lögð var fyrir kennara árinu áður til að sjá samanburð á svörum. Við nánari íhugun var talið að nemendur myndu ekki skilja hvað átt væri með þessum hugtökum nema að skýrt væri út hver hugsunin væri með grunnþáttunum. Var þá ákveðið að hafa spurningarnar þannig að hverjum og einum grunnþætti var skipt niður í mismargar spurningar og útskýrt með dæmum hvað verið væri að meina og tekin dæmi sem talið væri að nemendur myndu þekkja og skilja.

Um 340 nemendur voru á þriðja ári og má segja að undirtektir þeirra hafi verið ansi dræmar eða einungis 168 nemendur gáfu sér tíma til að svara. Könnunin var kynnt og lögð fyrir í lífsleiknitímum sem er á sama tíma hjá öllum bekkjum. Eitthvað virtust sumir bekkir hafa verið uppteknir því svör eftir brautum var mjög misjöfn eins og sést á **fylgiskjali X** í spurningu 1. Þegar ljóst var að svörunin var dræm var tvisvar sendur póstur til nemenda og þeir beðnir um að svara en afar fá svör bættust við.

Ákveðið var að vinna ekki frekar með könnunina heldur gera aðra eftir tvö ár og vera þá örugglega með kennara inni hjá nemendum til að aðstoða við skilning á grunnþáttunum. Engu að síður er áhugavert að sjá niðurstöðurnar og ánægjulegt að í heildina telja nemendur sig hafa unnið þokkalega mikið og vel með alla grunnþætti. Til gamans ákvað gæðastjóri að skoða hvort einhver munur væri eftir brautum hverju nemendur svara og eru dæmi úr spurningum 4, 5 og 6. Þótt svörun hafi ekki verið góð og nemendum fundist spurningarnar torskildar þá má sjá að nemendur af alþjóðabraut skora hæst hvað varðar læsi í formi menningarlæsis. Nemendur af náttúrabraut eru hæstir með læsi í formi náttúrulæsis og nemendur á viðskiptabraut eru hæstir í læsi í formi fjármálalæsis og miðlalæsis. Þessar niðurstöður eru að sjá aftast í **fylgiskjali XI**. Þar eru einnig svör úr opinni spurningu.

## 2.7 „Lífið eftir Verzló

Eins og tvö síðastliðin ár var send stutt könnun á tilvonandi útskriftarnemendur og kannað hvað þeir hygðust fyrir næsta ár. Kom í ljós að það var ekki mikið frábrugðið hinum árunum. Samanburður þessara þriggja ára má sjá í **fylgiskjali XII**. Þó vekur athygli að árið 2022 voru fleiri sem voru búnir að ákveða að fara í HÍ en HR en hin árin tvö hafði HR vinninginn yfir HÍ. 15% var óákveðinn árið 2021, 18% árið 2022 og 14,7% árið 2023 svo það er ekki mikill munur á milli ára. Það sama á við um að vinna á Íslandi. Það er ekki mikil breyting milli ára, 12-13% öll árin. Árið 2021 ætlaði 11% að fara erlendis til náms, 14,5% árið á eftir og 13,7% árið 2023. Svo þar er heldur ekki mikill munur.

Í ár var spurt um hvað nemendur hygðust gera ef það væri „Annað“ en það sem val var um að krossa við. 17 svöruðu þeirri spurningu og var það ýmislegt. Sem dæmi ætla þrír að fara í lýðháskóla í Danmörku, einn að vinna í hálf ár og svo í lýðháskóla í Danmörku, einn til Kaupmannahafnar og læra dönsku. Einn ætlaði í Háskólann að Hólum. Einn ætlaði að flytja til Evrópu og æfa skíði í heilt ár, annar ætlaði að stofna eigið fyrirtæki.

Þá voru nemendur beðnir um að nefna valgrein sem þeim fyndist eftirsóknarvert að taka í Verzló. Í fylgiskjali XI – frh. má sjá hvaða valgreinar voru nefndar skipt eftir nokkrum þáttum: Raungreinar og stærðfræði, tungumál, viðskiptagreinar, sköpun, félagsgreinar og svo ýmislegt um hæfni til að takast á við lífið sjálft.

## 2.8 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn, nemendakönnun framhaldsskólanna var lagður fyrir í apríl 2023 í þetta sinn. Tilviljunarkennt úrtak var meðal 133 nemenda og svöruðu 120 nemendur eða 90,2% af úrtakinu sem má teljast gott. Nemendum var fyrst sent bréf og kóði til að komast inn í rannsóknina af forsvarsmönnum Skólapúlsins. Nokkrum sinnum voru þeir minntir á könnunina í gegnum póst, sms og raddskilaboð. Að lokum fóru meðlimir gæðateymisins og ráku á efir síðustu nemendunum með misgóðum árangri. Þetta skólaár tóku 16 framhaldsskólar þátt í Skólapúlsinum og svör bárust frá rúmlega 1.100 nemendum af landinu öllu.

Í fylgiskjali XII er að sjá helstu niðurstöður könnunarinnar. Við vinnslu gagnanna er viðmiðunarreglan sú að munur upp á 0,5 stig er ekki mikill munur en munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur. Breyting skólans frá síðasta þátttökuári er jafnframt gefinn upp í dálkinum „Breyting“. Ef breyting er frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal er litaður rauður, þá telst samanburðurinn neikvæður en ef grænn þá er hann jákvæður. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og með feitletrun. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að almennt líður nemendum skólans vel, þeir eru ánægðir með skólann sinn og viðhorf þeirra og hollusta gagnvart skólanum er sérstaklega hátt. Seinkomur og fjarverur í tíma eru mun minni en í samanburðarskólunum en formlegar skyldur þeirra örlítið meiri. Þeir eru afar hamingjusamir og þunglyndi, kvíði og svefnleysi er mun minni hjá nemendum Verzlunarskólans en öðrum nemendum. Ekki þykir ástæða til að grípa til einhverra aðgerða vegna niðurstaðna þessarar könnunar en áfram er fylgst með ákveðnum þáttum varðandi ánægju og líðan í skólanum.

Á Zoom-fundi sem þátttökuskólum var boðið á 25. maí var farið yfir helstu niðurstöður og hægt var að koma með tillögur að öðrum matsþáttum. Helst var áhugi á að bæta fleiri spurningum inn varðandi kvíða og ástæður hans. Hugmynd kom upp hjá einum skólanum að allir nemendur tæku þátt í könnuninni en ekki bara úrtak en sú hugmynd þótti ekki góð fyrir stærri skólana.

## 2.9 Stefnur og áætlanir

Að venju voru nokkrar stefnur og áætlanir endurskoðaðar samkvæmt 3ja ára áætlun. En hugmynd gæðateymis er að gera 3ja ára langtímaáætlun með að yfirfara stefnur og áætlun eins og annað sem gert er í innra mati skólans hefur reynst vel. Þetta árið var farið yfir „Samgöngustefnuna“, „Móttökuáætlun nýnema“ sem er í formi gátlista, „Persónuverndarstefnuna“, „Stefnu í fjarnámi“, „Áætlun gegn einelti“ og „Áætlun gegn kynbundnu ofbeldi“.

## 2.10 Verkferlar

Ekki er nein sérstök áætlun varðandi verkferla í skólanum heldur hafa þeir verið gerðir og endurskoðaðir eftir þörfum hvers tíma. Þetta skólaárið var gerður gátlisti varðandi „Skólaslit“ og „Misferli við námsmat“ sem ákveðið var að gera samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnun. Þá var gert samræmt upplýsingablað til forráðamanna varðandi ferðir á vegum skólans og undirskriftarskjal fyrir nemendur og forráðamenn sem gefa leyfi til alþjóðaverkefnisins eða ferðar.

## 2.11 Skólaþróun - Endurmenntun

Eins og undanfarin ár var skólaþróun og endurmenntun nokkuð umfangsmikil í innra starfi skólans. Að þessu sinni var þróunarverkefni fyrsta árs sem kynnt var hér að framan afar stórt og tók stór hluti starfsmanna þátt í því verkefni. Fór það fram á haustönn eins og greint var frá hér að framan.

*Dugga:* Í september var kynning á prófakerfinu Duggu sem sænska fyrirtækið gerði í gegnum fjarfundarbúnað. Eftir þá kynningu voru nokkrir frumkvöðlar innan raða kennara skólans með örkennslu fyrir áhugasama kennara. Flest fög í skólanum eru farin að nota Duggu í prófunum sínum og er almenn ánægja meðal kennara með þetta kerfi.

*Skyndihjálp:* Í janúar var námskeið í boði fyrir alla starfsmenn skólans í skyndihjálp. Gátu starfsmenn valið á milli fjögurra tíma, eftir því hvaða tími hentaði hverjum og einum. 20 starfsmenn fóru í hvert sinn og var fullbókað á hvert námskeið. Var starfsfólk almennt mjög ánægt með námskeiðið.

*Nýyrði og kynsegin orð:* Femínistafélag skólans kom á starfsmannafund í lok janúar með kynningu á vinnu félagsins og áherslum auk þess sem þau tóku starfsmenn í kennslustund með nýyrði í íslensku máli varðandi kynsegin orðræðu. Var þetta afar fróðleg og vel gerð kynning hjá Femínistafélaginu og starfsmenn stoltir og ánægðir með nemendur skólans.

*Ráð gegn streitu:* Eftir starfsmannakönnunina þótti við hæfi að fá fyrirlestur um streitu og hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja streitu. Kom fyrirlesari frá Vinnuvernd og hélt fyrirlestur „Mín leið við streitu“ í einum miðvikudagstíma í lok mars.

### *Verkefni Mannauðsteymis*

Skólinn er **heilsueflandi vinnustaður** og var ýmislegt sem Mannauðsteymið stóð fyrir. Tvö „kósý-kvöld“ voru haldin þar sem starfsmönnum var boðið að koma kvöldstund með þá handavinnu sem þeir eru með, hittast og ræða saman á öðruvísi nótum. Ágætlega var mætt á þessi kvöld en það þótti halla svolítið á karlpeninginn.



Þá tók skólinn þátt í Lífshlaupinu og var þátttakan góð þótt árangurinn hafi ekki verið sérstaklega góður. Af því tilefni gaf skólinn öllum starfsmönnum endurskinsmerki með nafni og merki skólans.



Skömmu fyrir árshátíð skólans í mars sendi Mannauðsteymið starfsmönnum hlekk í forritið mentimeter.com þar sem starfsmenn voru beðnir um að skrá þrjú nafnorð eða lýsingarorð sem þeim fannst lýsa vinnustaðnum. Var útkoman falleg og var plakatið innrammað og sett í mótuneyti starfsmanna.

Þá var staðið fyrir fataskiptamarkaði í nokkrar vikur og var hann ágætlega nýttur af starfsmönnum. Í mars og apríl var ákveðið að þrjóna og hekla teppi í Hlégarð, rými starfsmanna til afslöppunar. Gátu allir starfsmenn komið og þrjónað lítinn bút sem innlegg í samvinnuteppi skólans. Sumir gerðu marga búta en aðrir færri. Var svo einn starfsmaður sem heklaði búta saman í eitt stórt teppi sem er alveg að verða tilbúið.

Loks ber að nefna að starfsfólki og nemendum hefur staðið til boða tvö undanfarin ár að fara í tíma í núvitund hjá einum kennara skólans sem hefur lært þessi fræði. Hafa kennarar getað pantað fyrir bekkina sína og farið sjálfir í sérstaka tíma ætluðum starfsmönnum.

### 3. Umbótaáætlun

